

FUNDARGERÐ			
Efni fundar: Heilsueflandi samfélag, stýrihópur			
Dagsetning: 10.ágúst 2023	Tími: 14:00	Staður Leikskálar – Fundarherbergi	Nr. fundar 1
Fundaritari: Kristín	Viðstaddir: Fjarverandi: Sunna, Svanhvít	Útþrentun dags. 15.9.2023	
Viðtakendur Helga, Kristín og Ívar			

Atriði nr.	Efni	Niðurstaða – Til upplýsingar (T), Til umræðu (U), Ákvörðun (Á)	Ábyrgð
1.	Fórum yfir erindabréfið sem lagt verður fyrir skipulags- og umhverfisráð á morgun. Mikil jákvæðni og metnaður fyrir því að fá að taka meira þátt í skipulagningu á grænum svæðum, leikvöllum og náttúru.	Til upplýsingar	Allir
2.	Farið yfir dagskránnu á heilsudögum. Lýsi hefur ákveðið að styrkja okkur með vörum sem verða afhent í fjölskylduhlaupinu sem verðlaun fyrir þátttöku. Kata íþróttakennari ætlar að kenna skriðsund og þurfum við að heyra í henni með upplýsingar um fyrirkomulag. Alexandra tónskólastjóri ætlar að sjá um samverustund 27.sept í Leikskálum.	Til umræðu	Allir
3.	Við eigum pening til að setja í fjölskylduhlaupið og var ákveðið að kaupa spilastokka merka heilsueflandi samfélagi – Mýrdalshrepp og gefa á heilsudögunum.	Til umræðu, ákvörðun	Kristín
4.	Bekkir og skiltagerð. Spurningar voru um skiltagerðir og staðsetningu. Ákveðið var að setja geðorðin 10 og æfingar á skilti við bekkina. Til umræðu var að hafa annaðhvort en í anda þema okkar, hreyfing og samvera fannst fundamönnum mikilvægt að hafa bæði hvetjandi orð og æfingar. Þanta þarf skiltin og útbúa þau.	Til umræðu	Allir
5.	Farið yfir heilsubóta gönguleiðirnar tvær. Annars vegar 3km og svo 5km. Ákveðið var að setja bekk austan við bæinn á svæði golfvallarins. Tala þarf við golfklúbbinn um það.	Til umræðu	Allir
6.	Næsti fundur verður 25.ágúst þar sem ákveðin verða skiltin og heilsubótagangan og heilsudagarnir fínþússaðir	Til upplýsinga	Allir
7.	Í lok fundar var rætt að taka inn auka nefndarmann í stýrihópinn, hann Makis Tsafarakis. Hann hefur sýnt verkefnum okkar áhuga og lagt sitt af mörkum í að efla	Til upplýsinga	Kristín

	hreyfingu íbúa sveitarfélagsins. Kristín mun setja sig í samband við hann.		
8.			